

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR Í BÍÓ PARADÍS HAUSTIÐ 2020

PSYCHO 21. SEPTEMBER KL. 14:15

PULP FICTION 28. SEPTEMBER KL. 14:15

EPLI ADAMS 5. OKTÓBER KL. 14:15

ALL ABOUT MY MOTHER 12. OKTÓBER KL. 14:15

SUNSET BOULEVARD 19. OKTÓBER KL. 14:15

VETRARFRÍ

DO THE RIGHT THING 2. NÓVEMBER KL. 14:15

THE BIG LEBOWSKI 9. NÓVEMBER KL. 14:15

AMARCORD 16. NÓVEMBER KL. 14:15

VILLT JARÐARBER 23. NÓVEMBER KL 14:15

ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST 30. NÓVEMBER KL. 14:15

WIZARD OF OZ 7. DESEMBER KL 14:15



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



PSYCHO



TEGUND OG ÁR: Sálfræðilegur spennutryllir, 1960

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin.

LENGD: 109 mínútur

LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock

LEIKARAR: Janet Leigh, Anthony Perkins, Vera Miles

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Alfred Hitchcock er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri sem uppi hefur verið, en hann lagði grundvöllinn að kvikmyndagerð eins og við þekkjum hana í dag.

Psycho segir frá Marion Crane sem starfar á skrifstofu. Kærasti hennar, Sam, getur ekki gifst henni vegna tekjuleysis svo dag nokkurn ákveður Marion að stela peningum frá vinnuveitanda sínum, fara úr bænum og byrja nýtt líf með Sam. Á leiðinni ákveður hún að gista á Bates-vegahótelinu þar sem hún hittir feiminn og hléðrægan mann að nafni Norman Bates.

Psycho sló öll aðsóknarmet og Hitchcock notaði nýstárlegar aðferðir til að segja æsispennandi sögu sem hefur staðist tímans tönn.

PULP FICTION



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1994

LENGD: 155 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino

AÐALHLUTVERK: John Travolta, Samuel L. Jackson og Uma Thurman

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Pulp Fiction er talin með áhrifamestu kvikmyndum tíunda áratugs síðustu aldar. Hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut Óskarinn fyrir besta handrit og Gullpálmann í Cannes.

Myndin fjallar um glæpamenn í Los Angeles, Jules (Samuel L. Jackson) og Vincent (John Travolta) en þeir eru skósveinar undirheimaforingjans Marcellusar (Ving Rhames). Í rauninni er þremur sögum fléttað saman í eina og myndinni skipt í fimm kafla í rangri tímaröð. Áhorfandinn þarf því að leggja dálítið á sig til að setja söguna saman í huganum og það er eitt af því marga sem greinir Pulp Fiction frá Hollywoodmyndum samtímans þar sem framvindan er fyrirsjáanleg.

EPLI ADAMS



TEGUND OG ÁR: Gamannmynd, drama, 2005

LENGD: 94 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Anders Thomas Jensen

AÐALHLUTVERK: Mads Mikkelsen, Ulrick Thomsen, Paprika Steen

TUNGUMÁL: Danska með enskum texta.

Í Eplum Adams segir frá dönskum sveitapresti sem tekur á móti föngum til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu. Þegar nýnasisti er sendur til hans, fær presturinn hann til að sjá um eplatréd við kirkjuna sem er stolt staðarins og baka köku úr eplunum. En hlutirnir fara brátt úr böndunum því ekkert er sem sýnist á þessu einkennilega prestssetri.

Myndin sækir í Jobsbók úr Biblíunni sem fléttast við ýmis samfélags- og tilvistarstef, en hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Bodilverðlaunin sem besta danska myndin 2006.

TUDO SOBRE MI MADRE/ ALLT UM MÓÐUR MÍNA



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1999

LENGD: 101 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Spánn

LEIKSTJÓRI: Pedro Almodóvar

AÐALHLUTVERK: Cecilia Roth, Marisa Paredes, Penélope Cruz

TUNGUMÁL: Spænska með enskum texta

Allt um móður mína segir frá Manuelu, argentískum hjúkrunarfræðingi, sem sér um líffæragjafir á sjúkrahúsi í Madrid. Þegar sonur hennar, Esteban, deyr af völdum bílslyss fer Manuela til Barcelona í leit að barnsföður sínum, Lolu, sem veit ekki að hann á son. Hún kynnist leikkonu sem á í stormasömu ástarsambandi við aðra leikkonu og nunnu sem er smituð af HIV-sjúkdómnum.

Almodóvar vísar í kvikmyndina All About Eve (1950) eftir Joseph Mankiewicz og leikritið Sporvagninn Girnd eftir Tennessee Williams sem hann fléttar inn í verkið.

Myndin hlaut Óskarsverðlaunin, Golden Globe og BAFTA-verðlaunin fyrir bestu erlendu myndina. Hún er talin með bestu kvikmyndum Almodóvar.

SUNSET BOULEVARD



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1950

LENGD: 110 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Billy Wilder

AÐALHLUTVERK: Gloria Swanson, William Holden, Erich von Stroheim

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Sunset Boulevard er með frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar en er jafnframt ádeila á Hollywood, æskudýrkun og afdrif leikara þögla tímabilsins.

Myndin segir frá ungum handritshöfundi, Joe, sem er staðráðinn í að öðlast frægð í Hollywood, en gengur illa. Hann neyðist til að leggja á flótta frá skuldunautum og uppgötvar af tilviljun heimili frægrar kvikmyndastjörnu frá tímabili þöglu myndanna, Normu Desmond. Norma ræður Joe til að hjálpa henni við að skrifa handrit þar sem hún íhugar endurkomu. Margt sérkennilegt kemur í ljós eftir því sem Joe dvelur lengur á setri Normu en hann kynnist líka ungri konu sem langar líka til að skrifa kvikmyndahandrit.

DO THE RIGHT THING



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 1989*

LENGD: *120 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Spike Lee*

AÐALHLUTVERK: *Spike Lee, Rosie Perez, Danny*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Af Kvikmyndir.is: Myndin fjallar um lífið í Bedford-Stuyvesant hverfinu í Brooklyn einn heitan sumar-sunnudag. Eins og alla aðra daga þá opnar Sal Fragione pítsustaðinn sem hann hefur rekið í 25 ár. Nágrennið hefur breyst talsvert á þeim tíma, og nú býr þarna einkum fólk af afrískum-amerískum og spænskum uppruna. Sonur hans, Pino, þolir ekki hverfið og langar ekkert frekar en að flytja pítsustaðinn í þeirra eigin hverfi. En fyrir Sal þá stendur veitingastaðurinn fyrir nokkuð sem er hluti af lífi hans og hluti af samfélaginu þarna. Það sem byrjar sem einföld kvörtun eins af viðskiptavinum hans, Buggin-Out - sem veltir því fyrir sér afhverju hann er bara með myndir af frægum einstaklingum af ítalsk-amerískum uppruna uppi á veggjunum þegar flestir viðskiptavinanna eru svartir - þróast fljótt upp í ofbeldi þar sem reiðin og þirringurinn dregur fram það versta í öllum.

THE BIG LEBOWSKI



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1998

LENGD: 117 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

AÐALHLUTVERK: Jeff Bridges, John Goodman, Julianne Moore

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Af Kvikmyndir.is: Jeff "The Dude" Lebowski þykir fátt skemmtilegra en að liggja í leti, reykja jónur og hanga með félögum sínum í keilusalnum. En eftir að hann er fyrir misskilning tekinn fyrir að vera milljónamæringur sem ber sama nafn og hann, flækist hann í nær óskiljanlegan glæpaþráð. Tveir hrottar koma heim til hans og pissa á teppið hans, en þeir halda að hann sé Jeffrey Lebowski, milljónamæringur frá Los Angeles, en eiginkona hans skuldar einhverjum þorpurum háar fjárhæðir.

The Dude flækist í flókinn vef þegar hann fer og heimsækir hinn raunverulega milljónamæring, til að reyna að fá bætur fyrir teppið sem þorpararnir skemmdu. Hann er síðan ráðinn til að verða tengiliður á milli hins raunverulega Lebowski og þorparanna sem nú hafa rænt eiginkonunni.

AMARCORD



TEGUND OG ÁR: Gamannmynd, drama, 1973

FRAMLEIÐSLULAND: Ítalía

LENGD: 124 mín

LEIKSTJÓRI: Federico Fellini

LEIKARAR: Pupella Maggio, Magalie Noël, Armando Brancia

TUNGUMÁL: Ítalska með enskum texta

Amarcord segir frá unglingnum Titta sem elst upp í ítalska þorpinu Borgo San Giuliano á fjórða áratugnum þegar fasistar réðu ríkjum á Ítalíu. Myndin er öðrum þræði sjálfisævisaga Fellinis og dregur upp spegilmynd af horfnum tíðaranda.

Federico Fellini (1920-1993) var einn af áhrifamestu og virtustu leikstjórum 20. aldar. Hann hóf feril sinn undir áhrifum frá ítalska nýraunsæinu en hvarf frá því eftir að hann gerði La Dolce vita árið 1960. Í myndum hans blandast draumar, ímyndanir og minningar saman, en stutt er í ádeilur og gagnrýni á ítalskt þjóðfélag.

Amarcord hlaut Óskarsverðlaunin sem besta erlenda myndin árið 1973 og var að auki tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna fyrir bestu leikstjórnina og besta handritið.

SMULTRONSTÄLLET/ VILLT JARÐARBER



TEGUND OG ÁR: *Leikin kvikmynd, 1959*

LENGD: 91 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Svíþjóð*

LEIKSTJÓRI: *Ingmar Bergman*

AÐALHLUTVERK: *Victor Sjöström, Bibi Andersson, Ingrid Thulin, Gunnar Björnstrand*

TUNGUMÁL: *Sænska með enskum texta*

Ingmar Bergman er einn af mikilhæfustu leikstjórum kvikmyndasögunnar en hann leikstýrði yfir 60 kvikmyndum og skrifaði flest handritin sjálfur. Í myndinni Villt Jarðarber tekst Bergman á við eitt af þeim hugðarefnum sem stóðu honum næst, uppgjöri mannsins við sjálfan sig þegar hann stendur andspænis dauðanum.

Myndin segir frá eldri manni sem hefur starfað sem prófessor alla ævi en vanrækt tengslin við fjölskyldu sína. Hann er að leggja af stað í langferð til að taka við heiðursnafnbót við háskóla þegar tengdadóttir hans kemur óvænt í heimsókn. Þau leggja af stað, en ferðalag prófessorsins stefnir brátt inn á við þegar hann horfist í augu við lífshlaup sitt og veltir vöngum yfir því sem fór úrskeiðis.

GAUKSHREIÐRIÐ



TEGUND OG ÁR: Drama, 1975

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 133 mínútur

LEIKSTJÓRI: Milos Forman

LEIKARAR: Jack Nicholson, Danny DeVito, Louise Fletcher

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Milos Forman var einn af forsprökkum tékknesku nýbylgjunnar en settist að í Bandaríkjunum til að gera kvikmyndir. Hann er einna þekktastur fyrir Amadeus, Hair og Gaukshreiðrið. Myndir hans fjalla oft um tjáningarfrelsi og baráttu einstaklingsins við skrifræði eða stofnanir.

Gaukshreiðrið gerist á stofnun fyrir geðsjúka og segir frá smákrimma að nafni McMurphy sem læst verða geðveikur til að losna við vinnu í fangelsinu. Allar daglegar venjur á geðsjúkrahúsinu eru gríðarlega fastar í skorðum þar sem yfirhjúkrunarkonan Ratched er með óskorað vald. McMurphey reynir að breyta ýmsum reglum til að gera sjúklingana virkari og glaðari, en fær Ratched upp á móti sér.

Myndin vakti mikla athygli fyrir að beina sjónum almennings að aðbúnaði geðsjúkra á þessum tíma og hlaut fimm Óskarsverðlaun, en Jack Nicholson og Louise Fletcher hlutu bæði Óskarsverðlaun fyrir bestan leik í aðalhlutverki.

GALDRAKARLINN Í OZ



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, söngleikur, 1939*

LENGD: *101 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Victor Fleming*

AÐALHLUTVERK: *Judy Garland, Ray Bolger, Margaret Hamilton*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Galdrakarlinn í Oz er söngleikur sem er fyrir löngu orðinn klassískur og segir frá Dóróteu, stelpu í Kansas þar sem lífið er tilbreytingalaust og leiðinlegt og hana dreymir um landið handan regnbogans, svo hún fer í ævintýraferð til töfralandsins Oz.

Myndin var gerð árið 1939 og er ein af fyrstu kvikmyndum sögunnar sem var gerð í lit. Þeir hlutar sem eiga að gerast í Oz voru teknir í Technicolor og aðrir í svarthvítu og sepjulitum. Hún hefur haft gríðarleg áhrif á kvikmyndagerð.

Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna, tapaði fyrir *Gone with the Wind*, en hlaut verðlaun fyrir Bestu frumsömdu tónlistina, *Over The Rainbow*.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



